

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 11/98****frá 11. desember 1997****um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum(\*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 75. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 189. gr. c í sáttmálanum <sup>(3)</sup>,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt a-lið 1. mgr. 75. gr. sáttmálans hefur framkvæmd sameiginlegrar stefnu í flutningamálum meðal annars í för með sér að setja verður sameiginlegar reglur um farþegaflutninga á vegum milli landa.
- 2) Slíkar reglur voru settar með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum <sup>(4)</sup>.
- 3) Í 20. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92 er kveðið á um að fyrir 1. júlí 1995 skuli framkvæmdastjórnin senda ráðinu skýrslu um framkvæmd reglugerðarinnar og að ráðið skuli samþykkja fyrir 1. janúar 1997, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, reglur um einföldun málsmeðferðar og þar með - í ljósi niðurstaðna skýrslunnar - um afnám leyfa.
- 4) Rétt er að einfalda og bæta skilgreiningar á hinum ýmsu tegundum farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum. Þeir geta flokkast sem reglubundnir flutningar, sérstakar áætlunarferðir og óreglubundnir flutningar. Þar með er unnt að leggja niður hugtakið „ferðir fram og til baka“.
- 5) Rétt er að koma á markaðsaðgangskerfi sem sé undanþegið leyfisveitingu og gildi gagnvart öllum óreglubundnum flutningum, sérstökum áætlunarferðum og öllum flutningum í eigin þágu.
- 6) Rétt er að viðhalda kerfi leyfisveitinga fyrir reglubundna flutninga en æskilegt er að taka upp sveigjanlegra fyrirkomulag að því er varðar rekstrarskilyrði fyrir slíka flutninga.
- 7) Í því skyni að viðhalda samkeppni milli ólíkra flutningsmáta er rétt að járnbrautirnar hafi, að liðnum tilteknum fresti, ekki lengur forgang í því að stofna til hópbifreiðajónustu.
- 8) Í því skyni að auðvelda eftirlit með flutningastarfsemi er æskilegt að farþegaflutningar á vegum milli landa gegn gjaldi séu háðir bandalagsleyfi, gerðu eftir samræmdri fyrirmynd, sem unnt er að veita með skjótri og skilvirkri stjórnsýsluáðgerð.
- 9) Æskilegt er að tilteknir frestir, sem varða veitingu leyfa, séu sveigjanlegri.
- 10) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hrinda þessari reglugerð í framkvæmd, einkum að því er varðar viðurlög sem séu árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 11) Kveða ber á um að framkvæmdastjórnin njóti fulltingis ráðgjafarnefndar þegar hún samþykkir ráðstafanir til framkvæmdar reglugerðinni að því er varðar flutningaskjöl.
- 12) Rétt er að mæla fyrir um viðeigandi frest til þess að innleiða bandalagsleyfið.
- 13) Fylgjast ber með beitingu þessarar reglugerðar á grundvelli skýrslu sem framkvæmdastjórnin leggur fram.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (EBE) nr. 684/92 er breytt sem hér segir:

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 4, 8.1.1998, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 121/98 frá 18. desember 1998 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 203, 13. 7. 1996, bls. 11 og Stjtið. EB C 107, 5. 4. 1997, bls. 3.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 66, 3. 3. 1997, bls. 3.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 28. nóvember 1996 (Stjtið. EB C 380, 16. 12. 1996, bls. 40), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. apríl 1997 (Stjtið. EB C 164, 30. 5. 1997, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 16. júlí 1997 (Stjtið. EB C 286, 22. 9. 1997, bls. 85).

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 74, 20. 3. 1992, bls. 1.

- 1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
- eftirfarandi undirgrein bætist við lið 1.1: „Breytingar á rekstrarskilyrðum þjónustunnar skulu ekki hafa áhrif á reglubundna flutninga.“,
  - d-liður í lið 1.2 falli niður,
  - í lið 1.3 falli niður orðin „notkun fleiri ökutækja“ og „eða styttra bíl haft á milli ferða“,
  - 2. liður falli niður,
  - í stað liðar 3.1 komi eftirfarandi:

„3.1. Óreglubundnir flutningar eru flutningar sem falla ekki undir skilgreininguna á reglubundnum flutningum, að meðtöldum sérstökum áætlunarferðum (sérstökum reglubundnum flutningum), og sem einkennast öðru fremur af því að þar eru fluttir hópar farþega sem er safnað saman að frumkvæði kaupanda þjónustunnar eða flutningafyrirtækisins sjálfs.

Skipulagning samhliða eða tímabundinna flutninga, sem eru sambærilegir reglubundnum flutningum sem fyrir eru og þjóna sömu farþegahópum, skal háð leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. þætti.“,

- liður 3.2 falli niður,
- í annarri undirgrein liðar 3.4 komi orðin „í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. a“ í stað orðanna „að höfðu samráði við aðildarríkin“,
- í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

#### „4. Flutningar í eigin þágu

Flutningar í eigin þágu er flutningastarfsemi á vegum einstaklings eða lögpersónu, sem ekki er rekin í ábata- eða hagnaðarskyni, svo fremi að:

- flutningarnir séu aukastarfsemi fyrir einstaklinginn eða lögpersónuna,
- ökutækin, sem notuð eru, séu í eigu viðkomandi einstaklings eða lögpersónu eða hafi verið keypt með afborgunum eða tekin á leigu með langtímaleigusamningi og starfsmaður viðkomandi einstaklings eða lögpersónu aki þeim, eða viðkomandi einstaklingur sjálfur.“

- 2) Í stað fyrsta undirliðar 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„- fá leyfi í ríkinu þar sem þau hafa staðfestu til að starfrækja reglubundna flutninga, þar á meðal sérstakar áætlunarferðir og óreglubundna flutninga með hópbifreiðum.“.

- 3) Eftirfarandi grein bætist við:

„3. gr. a

#### Bandalagsleyfi

1. Í því skyni að starfrækja farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum skulu flutningafyrirtæki, sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr., vera handhafar bandalagsleyfis sem lögbær yfirvöld staðfesturíkisins gefa út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. Lögbær yfirvöld staðfesturíkisins skulu afhenda leyfishafa frumrit bandalagsleyfisins, sem flutningafyrirtækið hefur í vörslu sinni, og jafnmörg staðfest endurrit og ökutækin, sem eru notuð til farþegaflutninga á milli landa, eru mörg og leyfishafi hefur til umráða, hvort heldur sem hann er fullgildur eigandi eða hefur komist yfir þau með öðrum hætti, einkum með kaupsamningi, leigusamningi eða kaupleigusamningi.

3. Bandalagsleyfið er gefið út á nafni viðkomandi flutningafyrirtækis og er ekki framseljanlegt. Staðfest endurrit bandalagsleyfis skal geymt í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

4. Bandalagsleyfið skal gefið út til fimm ára í senn og vera endurnýjanlegt.

5. Bandalagsleyfið skal koma í stað skjalsins sem lögbær yfirvöld staðfesturíkisins gáfu út til að votta að flutningafyrirtækið hafi aðgang að markaðinum fyrir farþegaflutninga á vegum milli landa.

6. Þegar umsókn um leyfi er lögð fram, og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti eftir það, skulu lögbær yfirvöld staðfesturíkisins sannreyna hvort flutningafyrirtækið uppfylli eða haldi áfram að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr.

7. Séu skilyrðin, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., ekki uppfyllt skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem viðkomandi hefur staðfestu neita að gefa út eða endurnýja bandalagsleyfi með rökstuddri ákvörðun.

8. Aðildarríkin skulu tryggja rétt umsækjanda eða handhafa bandalagsleyfis til að áfrýja ákvörðun lögbærra yfirvalda staðfesturíkisins um að synja honum um slíkt leyfi eða afturkalla það.

9. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. janúar ár hvert um fjölda flutningafyrirtækja sem eru handhafar bandalagsleyfis 31. desember á næstliðnu ári og um fjölda staðfesta endurrita sem svarar til fjölda ökutækja í umferð á þeim degi.
10. Aðildarríkin geta ákveðið að bandalagsleyfið skuli einnig gilda um flutningaþjónustu innanlands.“
- 4) Í stað 4. gr. komi eftirfarandi:
- „4. gr.
- Aðgangur að markaðinum**
1. Ekki þarf leyfi til óreglubundinna flutninga sem um getur í lið 3.1. í 2. gr.
2. Ekki þarf leyfi til að stunda sérstakar áætlunarferðir (sérstaka reglubundna flutninga), sem um getur í lið 1.2 í 2. gr., ef gerður er samningur um slíkt á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins.
3. Ekki er heldur þörf á leyfi fyrir ökutæki sem aka án farþega í tengslum við flutningana sem um getur í 1. og 2. mgr.
4. Reglubundnir flutningar, eins og þeir eru skilgreindir í fyrstu undirgrein liðar 1.1 í 2. gr., og sérstakar áætlunarferðir, sem eru ekki háð samningi á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins, eru leyfisbundin í samræmi við 5.-10. gr.
5. Reglur um fyrirkomulag flutninga í eigin þágu eru settar fram í 13. gr.“
- 5) Í stað fyrirsagnar II. þáttar komi fyrirsögnin „**REGLUBUNDNIR FLUTNINGAR SEM ERU LEYFISBUNDNIR**“.
- 6) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:
- í annarri undirgrein 1. mgr. komi eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar:
 

„Ef í hlut eiga fyrirtæki sem hafa bundist samtökum um að stunda reglubundna flutninga skal leyfið gefið út á nöfn allra fyrirtækjanna.“,
  - í 2. mgr. komi eftirfarandi í stað fyrsta málsliðar:
 

„2. Gildistími leyfis skal eigi vera lengri en fimm ár.“,
  - í stað d-liðar í 3. mgr. komi eftirfarandi:
 

„d) viðkomustaðir og tímaáætlun.“,
- í 4. mgr. komi orðin „í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. a“ í stað orðanna „að höfðu samráði við aðildarríkin“,
  - í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:
 

„5. Leyfin veita handhafa eða handhöfum rétt til að stunda reglubundna flutninga á yfirráðasvæðum allra aðildarríkja sem leiðir liggja um.“,
  - eftirfarandi málsgrein bætist við:
 

„6. Sá sem stundar reglubundna flutninga má nota viðbótarökutæki við tímabundnar og óvenjulegar aðstæður.

Þegar svo háttar til skal flutningafyrirtækið tryggja að eftirtalin skjöl séu fyrir hendi í ökutækinu:

    - endurrit af leyfinu til reglubundinna flutninga,
    - endurrit af samningi þess sem stundar reglubundna flutninga við fyrirtækið sem útvegar viðbótarökutæki eða jafngilt skjal,
    - staðfest endurrit af bandalagsleyfinu sem gefið er út á nafn þess sem stundar reglubundna flutninga.“
- 7) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:
- í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:
 

„1. Sækja skal um leyfi fyrir reglubundnum flutningum til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu þar sem brottfararstaðurinn er, hér eftir nefnt „leyfisyfirvald“. Með orðinu „brottfararstaður“ er átt við einhverja endastöðina.“,
  - í 2. mgr. komi orðin „í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. a“ í stað orðanna „að höfðu samráði við aðildarríkin“,
  - í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:
 

„3. Umsækjendur um leyfi skulu leggja fram allar upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem leyfisyfirvald æskir, þar á meðal akstursáætlun, svo að unnt sé að fylgjast með því að farið sé að löggjöf bandalagsins um akstur og hvíldartíma, ásamt endurriti af bandalagsleyfi til farþegaflutninga milli landa gegn gjaldi, eins og kveðið er á um í 3. gr. a.“

8) Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. gr.

#### Tilhögun leyfisveitinga

1. Leyfin eru gefin út með samkomulagi lögbærra yfirvalda allra aðildarríkja sem hafa yfir þeim svæðum að ráða þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað. Leyfisyrvaldið skal senda slíkum yfirvöldum - svo og lögbærum yfirvöldum aðildarríkja sem ráða yfir svæðum sem farið er um án þess að farþegar séu teknir eða þeim skilað - endurrit af umsókninni og öllum skjölum sem málið varða, ásamt mati sínu á henni.

2. Lögbær yfirvöld þeirra aðildarríkja, sem leitað var samkomulags við, skulu tilkynna leyfisyrvaldinu ákvörðun sína um umsóknina innan tveggja mánaða. Þessi frestur hefst á þeim degi sem beiðni um álit berst viðkomandi yfirvöldum samkvæmt móttökukvittun. Ef leyfisyrvaldið hefur ekki fengið svar innan þess tíma teljast viðkomandi yfirvöld hafa gefið samþykki sitt og skal þá leyfisyrvaldið veita leyfið.

Yfirvöld þeirra aðildarríkja, sem ráða yfir svæðum sem farið er um án þess að taka farþega eða skila þeim, geta sent leyfisyrvaldinu athugasemdir sínar innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein.

3. Með fyrirvara um 7. og 8. mgr. skal yrvaldið, sem veitir leyfi, taka ákvörðun um umsóknina innan fjögurra mánaða frá því að flutningafyrirtækið leggur fram umsókn sína.

4. Veita skal leyfi nema:

- a) umsækjandinn geti ekki annast þá flutninga, sem sótt er um að stunda, með þeim tækjabúnaði sem hann hefur til umráða;
- b) umsækjandinn hafi áður gerst brotlegur við landslög eða alþjóðlega löggjöf um flutninga á vegum milli landa, einkum varðandi skilyrði og kröfur er varða leyfi til farþegaflutninga milli landa á vegum eða ef hann hefur gerst sekur um alvarleg brot á lögum um öryggi á vegum, einkum að því er varðar reglur um ökutæki og akstur og hvíldartíma ökumanna;
- c) skilyrðin fyrir leyfisveitingunni hafi ekki verið uppfyllt þegar um endurnýjun leyfis er að ræða;
- d) sýnt þyki að umræddir flutningar tefli beinlínis í tvísýnu starfrækslu reglubundinna flutninga sem hafa áður verið leyfðir, nema þeir flutningar séu starfræktir af einu flutningafyrirtæki eða einum hópi flutningafyrirtækja eingöngu;

e) svo virðist sem starfræksla flutninga-þjónustunnar, sem umsóknin tekur til, sé eingöngu miðuð við starfrækslu á arðbærustu flutningunum á umræddum leiðum;

f) aðildarríki ákveði, á grundvelli ítarlegrar athugunar, að umræddir flutningar tefli starfrækslu sambærilegra flutninga með járnbrautum á viðkomandi leiðum í tvísýnu. Tilkynna skal flutningafyrirtækjum, sem málið varðar, um allar ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við þetta ákvæði og enn fremur rökstuðninginn fyrir þeim.

Frá 1. janúar 2000 getur aðildarríki, ef sýnt þykir að núverandi millilandaflutningar með hópþjónu tefli starfrækslu sambærilegra flutninga með járnbrautum á viðkomandi leiðum í tvísýnu, að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar, frestað eða afturkallað leyfi til að starfrækja hópþjónuflutningana enda fái flutningafyrirtækið sex mánaða fyrirvara.

Ekki er réttlætjanlegt að hafna umsókn á þeim forsendum einum að flutningafyrirtæki bjóði lægra verð en önnur flutningafyrirtæki á vegum eða að á þeirri leið, sem um er að ræða, séu starfandi fyrir aðrir aðilar sem stunda flutninga á vegum.

5. Leyfisyrvaldið og lögbær yfirvöld í öllum aðildarríkjunum, sem koma að málsmeðferðinni að því er varðar samkomulagið sem um getur í 1. mgr., geta einungis hafnað umsókn af ástæðum sem eru samrýmanlegar reglugerð þessari.

6. Ef málsmeðferðin varðandi samkomulagið, sem um getur í 1. mgr., nægir ekki til þess að leyfisyrvaldið taki ákvörðun um afgreiðslu umsóknar, má leggja málið fyrir framkvæmdastjórnina innan fimm mánaða frá því viðkomandi flutningafyrirtæki leggur fram umsókn sína.

7. Að höfðu samráði við þau aðildarríki, sem hlut eiga að máli, skal framkvæmdastjórnin, innan tíu vikna, taka ákvörðun sem kemur til framkvæmda eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að hlutaðeigandi aðildarríkjum er tilkynnt um hana.

8. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar gildir þar til samkomulag hefur náðst milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

9. Að lokinni þeirri málsmeðferð, sem mælt er fyrir um í þessari grein, ber leyfisyrvaldinu að tilkynna öllum yfirvöldum, sem um getur í 1. mgr., um ákvörðun sína og, eftir atvikum, senda þeim afrit af leyfinu; lögbær yfirvöld í aðildarríkjum, sem farið er um, geta óskað þess að fá ekki senda slíka tilkynningu.“

9) Í annarri undirgrein 3. mgr. 8. gr. bætist orðið „ferðatíðni,“ við aftan við orðin „aðlögun á“.

10) 4. mgr. 9. gr. falli niður.

11) Í stað fyrirsagnar III. þáttar komi fyrirsögnin „**ÓREGLUBUNDNIR FLUTNINGAR OG AÐRIR FLUTNINGARSEM ERU NDANÞEGNIR LEYFUM**“.

12) Í stað 11. gr. komi eftirfarandi:

„11. gr.

#### Akstursskrá

1. Nota skal akstursskrá við flutningana sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

2. Flutningafyrirtæki, sem stundar óreglubundna flutninga, skal fylla út akstursskrá fyrir hverja ferð.

3. Í akstursskránni skulu að minnsta kosti koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- a) tegund flutningaþjónustu;
- b) aðalleið;
- c) flutningafyrirtæki sem hlut eiga að máli.

4. Akstursskrárnar fást afhentar í heftum hjá lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu eða stofnunum sem þau tilnefna.

5. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 16. gr. a, mæla fyrir um útlit akstursskrárinnar og hvernig hún skuli notuð.“

13) Í fyrstu málsgrein 12. gr. falli niður orðin „ferða fram og til baka milli landa með gistingu eða“.

14) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

- 2. mgr. falli niður,
- í 3. mgr. komi orðin „í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 16. gr. a“ í stað orðanna „að höfðu samráði við aðildarríkin“.

15) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

- eftirfarandi falli niður í fyrsta málslíð 1. mgr.: „eða ferðir fram og til baka“,
- eftirfarandi komi í stað síðasta undirliðar 1. mgr.: „— verð ferðarinnar.“

16) Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

#### Viðurlög og gagnkvæm aðstoð

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem viðkomandi flutningafyrirtæki hefur staðfestu skal afturkalla bandalagsleyfið, sem kveðið er á um í 3. gr. a, ef handhafi þess:

- uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr.,
- hefur lagt fram rangar upplýsingar varðandi gögnin sem beðið var um vegna útgáfu bandalagsleyfis.

2. Leyfisyfirvaldið skal afturkalla leyfið ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir útgáfu þess samkvæmt þessari reglugerð, einkum ef aðildarríkið þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu fer fram á það. Yfirvaldið skal þegar í stað tilkynna það til lögbærra yfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkis.

3. Ef um alvarlegt brot er að ræða eða ítrekuð lítils háttar brot á reglum um umferðaröryggi, einkum að því er varðar reglur sem gilda um ökutæki, akstur og hvíldartíma ökumanna og rekstur án leyfis á hliðstæðri eða tímabundinni þjónustu, sem um getur í lið 1.3 í 2. gr., geta lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem hið brotlega flutningafyrirtæki hefur staðfestu meðal annars afturkallað bandalagsleyfið eða beitt sér fyrir tímabundinni og/eða takmarkaðri afturköllun á staðfestum endurritum af bandalagsleyfinu.

Slík viðurlög skulu ákveðin í samræmi við það hversu alvarlegt brot handhafa bandalagsleyfis telst og hve mörg staðfest endurrit hann hefur undir höndum vegna millilandaflutninganna sem hann stundar.

4. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu banna flutningafyrirtæki að stunda farþegaflutninga milli landa samkvæmt reglugerð þessari á yfirráðasvæði sínu hafi það ítrekað framið alvarleg brot á reglum um umferðaröryggi, einkum að því er varðar ökutæki og akstur og hvíldartíma ökumanna. Þau skulu þegar í stað tilkynna það lögbærum yfirvöldum í hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Ef þess er óskað skulu aðildarríkin veita öðrum hlutaðeigandi aðildarríkjum allar tiltækar upplýsingar um:

- brot á ákvæðum þessarar reglugerðar, svo og öðrum reglum bandalagsins á sviði farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum, sem flutningafyrirtæki frá öðru aðildarríki fremur á yfirráðasvæði þeirra, og viðurlög við þeim,

- viðurlög sem beitt hefur verið gegn innlendum flutningafyrirtækjum vegna brota sem framin hafa verið á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.“

17) Eftirfarandi grein bætist við:

„16. gr. a

Þegar fylgja á þeirri málsmeðferð, sem um getur í þessari grein, skal framkvæmdastjórnin njóta fulltingsráðgjafarnefndar sem var komið á fót með reglugerð ráðsins (EB) nr. 12/98 frá 11. desember 1997 um skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki geti stundað farþegaflutninga á vegum innanlands í aðildarríki sem það hefur ekki aðsetur í (\*), og er undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina drög að þeim ráðstöfunum sem gera skal. Nefndin skal skila álitinu á drögum fyrir þau tímamörk sem formaðurinn setur eftir því hversu brýnt málið er, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur.

Álitið skal skráð í fundargerð; þar að auki hefur hvert aðildarríki rétt á að láta bóka afstöðu sína í fundargerðina.

Framkvæmdastjórnin skal taka ýtrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

(\*) Stjótið. EB nr. L 4, 8. 1. 1998, bls. 10.“

18) Í stað annarrar málsgreinar 19. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu samþykka ráðstafanir, einkum að því er varðar tilhögun eftirlits og kerfi þeirra viðurlaga sem

gilda um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar, auk þess sem þau skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Umrædd viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um viðeigandi ráðstafanir innan 12 mánaða frá því reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna um síðari breytingar eins fljótt og auðið er. Þau skulu sjá til þess að öllum slíkum ráðstöfunum sé beitt án mismununar á grundvelli þjóðernis eða staðfestustaðar flutningafyrirtækisins.“

- 19) Í stað viðaukans komi viðaukinn sem er í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Fyrir 11. desember 1998 skulu aðildarríkin, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, samþykka nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð og tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir.

3. gr.

Eigi síðar en 31. desember 1999 skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um árangurinn af beitingu þessarar reglugerðar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 11. desember 1998, nema 3. mgr. 1. gr. sem kemur til framkvæmda 11. júní 1999.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 1997.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. DELVAUX-STEHRÉS

*forseti.*

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

EVROPUBANDALAGIÐ

(a)

(Þykkur, blár pappír - stærð DIN A4)

(Fyrsta síða leyfisins)

(Texti á opinberu tungumáli/tungumálum eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins sem gefur leyfið út)

Landsmerki aðildarríkisins sem gefur leyfið út (¹)	Heiti lögbærs yfirvalds eða stofnunar
--	---------------------------------------

LEYFINR....

til farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum gegn gjaldi

Handhafi þessa leyfis(²) .....  
.....  
.....  
.....

hefur leyfi til að stunda farþegaflutninga á vegum milli landa gegn gjaldi á yfirráðasvæði bandalagsins samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 11/98 og í samræmi við almenn ákvæði þessa leyfis.

Athugasemdir:.....  
.....  
.....  
.....  
.....

Leyfið gildir frá ..... til .....

Gefið út í ..... hinn .....

.....(³)

(¹) (B) Belgía, (DK) Danmörk, (D) Þýskaland, (GR) Grikkland, (E) Spánn, (F) Frakkland, (IRL) Írland, (I) Ítalía, (L) Lúxemborg, (NL) Holland, (A) Austurríki, (P) Portúgal, (FIN) Finnland, (S) Svíþjóð, (UK) Breska konungsríkið.

(²) Fullt heiti eða viðskiptaheiti flutningafyrirtækis.

(³) Undirskrift og stimpill lögbærs yfirvalds eða stofnunar sem gefur leyfið út.

**Almenn ákvæði**

1. Þetta leyfi er gefið út samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 684/92 frá 16. mars 1992 um setningu sameiginlegra reglna um farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum, eins og henni var breytt með reglugerð (EB) nr. 11/98.
2. Leyfið er gefið út af lögbærum yfirvöldum í staðfesturíki fyrirtækisins sem stundar flutninga gegn gjaldi og sem:
  - hefur leyfi í staðfesturíkinu til að annast reglubundna flutninga, þar með taldar sérstakar áætlunarferðir eða óreglubundna flutninga með hópbifreiðum,
  - uppfyllir þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvæðum bandalagsins til að fá að stunda farþegaflutninga á vegum innanlands og milli landa í atvinnuskyni,
  - uppfyllir lagaákvæði um umferðaröryggi að því er varðar ökumenn og ökutæki.
3. Leyfið veitir rétt til að stunda farþegaflutninga milli landa með hópbifreiðum gegn gjaldi á öllum flutningsleiðum í ferðum sem farnar eru um yfirráðasvæði bandalagsins:
  - þar sem brottfararstaður og áfangastaður eru hvor í sínu aðildarríkinu, hvort sem farið er í gegnum eitt eða fleiri aðildarríki eða þriðju lönd,
  - frá aðildarríki til þriðja lands og öfugt, hvort sem farið er í gegnum eitt eða fleiri aðildarríki eða þriðju lönd,
  - milli þriðju landa þar sem farið er um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja,og akstur án farþega í tengslum við flutninga samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EBE) nr. 684/92.

Að því er varðar farþegaflutninga frá aðildarríki til þriðja lands, og öfugt, gildir reglugerð (EBE) nr. 684/92 um þann hluta leiðarinnar, sem liggur í gegnum yfirráðasvæði aðildarríkisins þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað, jafnskjótt og gengið hefur verið frá nauðsynlegum samningi milli bandalagsins og hlutaðeigandi þriðja lands.
4. Leyfið er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt.
5. Lögbært yfirvald í aðildarríkinu, þar sem leyfið er gefið út, getur afturkallað það, einkum ef flutningafyrirtækið:
  - uppfyllir ekki lengur þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92,
  - hefur gefið ófullnægjandi upplýsingar í sambandi við gögn sem krafist er vegna útgáfu eða endurnýjunar leyfisins,
  - verður uppvíst að alvarlegu broti eða ítrekuðum lítils háttar brotum á reglum um umferðaröryggi, einkum að því er varðar reglur sem gilda um ökutæki, akstur og hvíldartíma ökumanna og rekstur án leyfis á hliðstæðri eða tímabundinni þjónustu, sem um getur í lið 1.3 í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 684/92. Lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, þar sem hið brotlega flutningafyrirtæki hefur staðfestu, geta meðal annars afturkallað bandalagsleyfið eða beitt sér fyrir tímabundinni og/eða takmarkaðri afturköllum á staðfestum endurritum af bandalagsleyfinu.

Slík viðurlög skulu ákveðin í samræmi við það hversu alvarlegt brot handhafa bandalagsleyfis telst og hve mörg staðfest endurrit hann hefur undir höndum vegna millilandaflutninga sinna.

6. Flutningafyrirtæki ber að varðveita frumrit leyfisins. Staðfest endurrit leyfisins skal vera um borð í ökutæki því sem er notað til millilandaflutninganna.
7. Framvísa verður leyfinu að beiðni eftirlitsmanns.
8. Handhafinn verður að fara að gildandi lögum og stjórnáslufyrirmælum á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis, einkum þeim er varða flutninga og umferð.
9. Reglubundnir flutningar eru flutningar á farþegum milli tiltekinna staða með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir og þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Öllum er heimilt að notfæra sér reglubundna flutninga óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að pantar far.

Flutningar teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt breytingar séu gerðar á rekstrarskilyrðum þeirra.

Veita þarf leyfi fyrir reglubundnum flutningum.

Sérstakar áætlunarferðir eru reglubundnir flutningar, þar sem séð er fyrir flutningi á tilteknum hópum farþega, en aðrir farþegar eru útilokaðir, með tilteknu millibili á ákveðnum leiðum þar sem farþegar eru sóttir eða þeim skilað á fyrirframákveðnum viðkomustöðum.

Til sérstakra áætlunarferða teljast:

- a) flutningar á starfsmönnum til og frá vinnustað;
- b) flutningar á nemendum til og frá skóla;
- c) flutningar á hermönnum og fjölskyldum þeirra milli heimilis og herbúða.

Sérstakar áætlunarferðir teljast áfram til reglubundinna flutninga þótt þær kunni að vera lagaðar að mismunandi þörfum notenda.

Ekki þarf að sækja um leyfi fyrir sérstökum áætlunarferðum ef skipuleggjandi og flutningafyrirtæki hafa gert með sér samning um þær.

Leyfi þarf til að skipuleggja hliðstæða eða tímabundna þjónustu sem er ætluð sama hópi og reglubundnir flutningar sem fyrir eru.

Óreglubundnir flutningar eru flutningar sem falla ekki undir skilgreiningu á reglubundnum flutningum, að meðtöldum sérstökum áætlunarferðum, og sem einkennast öðru fremur af því að fluttir eru hópar sem eru settir saman að frumkvæði viðskiptavinar eða flutningafyrirtækisins sjálfs. Skipulagning hliðstæðra eða tímabundinna flutninga, sem eru sambærilegir reglubundnum flutningum sem fyrir eru og þjóna sömu farþegahópum, skal háð leyfi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í II. þætti reglugerðar (EBE) nr. 684/92. Þessir flutningar teljast áfram til óreglubundinna flutninga þó að þeir séu stundaðir með ákveðnu millibili.

Ekki þarf leyfi til stunda óreglubundna flutninga.“